

SAMÞYKKT

fyrir reynslusveitarfélagið Hafnarfjarðarbæ.

Félagslegar íbúðir.

1. gr.

Húsnæðisnefnd skal skipuð 5 aðalfulltrúum og 5 til vara, kjörnum af bæjarstjórn. Starfstími nefndarinnar skal miðast við kjörtímabil bæjarstjórnar.

Launþegasamtökum í bænum er heimilt að tilnefna tvo áheymarfulltrúa og tvo til vara með málfrelsi og tillögurétt. Skal annar þeirra koma frá Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar og hinn frá fulltrúaráði verkalýðsfélaganna.

2. gr.

Þegar bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar hefur tekið ákvörðun um að byggja eða kaupa félagslegar íbúðir í samræmi við áætlanir sínar, sækir hún um framkvæmdalán til húsnæðismálastjórnar í formi rammafjárveitingar til eins árs í senn.

3. gr.

Í samræmi við 2. gr. er gerður samningur milli Hafnarfjarðarbæjar og húsnæðismálastjórnar um framkvæmdalán til eins árs. Samningurinn hljóðar upp á ákveðna fjárhæð.

4. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar ákvarðar til hvers konar félagslegra íbúða (lánaflökka) láninu er varið, þ.e. félagslegra eignaríbúða, félagslegra kaupleiguíbúða, félagslegra leiguíbúða eða almennra kaupleiguíbúða.

5. gr.

Allar umsagnir um íbúðakaup eða framkvæmdir verða unnar af Hafnarfjarðarbæ. Á framkvæmdatímanum ber Hafnarfjarðarbær ábyrgð og hefur eftirlit með framkvæmdum jafnt tæknilegum sem fjárhagslegum og sendir staðfestingu á verkstöðu hverju sinni. Um stærð og gæði íbúða fer eftir almennum reglum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

6. gr.

Að öðru leyti gilda lög um Húsnæðisstofnun ríkisins.

7. gr.

Um þóknun til Hafnarfjarðarbæjar fyrir tæknivinnu og eftirlit, sbr. 5. gr., fer eftir samningi Hafnarfjarðarbæjar og húsnæðismálastjórnar.

8. gr.

Úttektaraðili skv. 6. gr. laga um reynslusveitarfélög fylgist með framkvæmd samþykktar þessarar og metur hvernig til hafi tekist.

9. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar hefur sett með heimild í 10. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2000.

Félagsmálaráðuneytinu, 16. júlí 1996.

Páll Pétursson.

Borgerður Benediktsdóttir.

23. júlí 1996

Nr. 425

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Skúlagötu í Reykjavík, staðgreinireitur 1.1654.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 22. maí 1996 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á staðfestu deiliskipulagi Skúlagötusvæðis frá 19. september 1985.

Breytt er byggingarreit lóðarinnar með tilfærslu húseininga.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 23. júlí 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

23. júlí 1996

Nr. 426

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Vestmannaeyja hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 22. maí 1996 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Vestmannaeyja frá 2. júlí 1990.

Breytingin er sú að hluti iðnaðarsvæðis í nágrenni flugvallar verður orlofs- og sumar- bústaðasvæði.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja mun bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 23. júlí 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.